



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Símenntunaráætlun Ísaksskóla 2023- 2024

Símenntunaráætlun<sup>1</sup> er unnin árlega. Skólastjóri og verkefnastjóri grunnskólahluta ákveða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans og óskum starfsfólks. Símenntunaráætlun er mótuð í samræmi við kennslufræðilegar áherslur og stefnu skólans að öðru leyti. Samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla kemur m.a. fram að sveitarstjórnir skuli greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir (sjá 25.gr.). Einnig er tilgreint í lögum í kafla um skólaþróun og tilraunaskóla að kennarar og skólastjórar grunnskóla skuli eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum. Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að endurmenntunin sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá (sjá 50.gr.).

### **Áherslur 2023-2024**

Skólinn greiðir allan kostnað kennarar sem sækja Sumarsmiðjur kennara 2023.

Tveir kennarar munu taka þátt í **Utís 2023** sem haldið verður 12.-16. nóvember í New York. [Hér](#) má sjá nánari umfjöllun um viðburðina.

Fagstjóri sérkennslu mun sitja námskeiðið CAT kassinn – Sjá [hér](#).

Fagstjóri fjöltyngdra mun sitja námskeiðið **Íslenski máhljóðamælirinn**. Með Máhljóðamælinum geta fagaðilar skóla og talmeinafræðingar nú skimað allt að 6 börn á

---

<sup>1</sup> Símenntun skiptis í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega til þess að styrkja sig í starfi.



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

klst. Strax í lok skimunar er samantekt sjálfkrafa tilbúin með upplýsingum um stöðu barnsins. Í forritinu eru innbyggð aldursviðmið og strax kemur í ljós hvort framburður barnsins samsvarar getu jafnaldra í framburði. Bent er á hvaða málhljóð þarf að þjálfa m.a. til að laða fram réttan framburð og hljóðavitund sem mikilvæg er í umskráningarferli fyrir læsi. Þá er ekki síst mikilvægt að vita hvort þörf er á að vísa barni beint til talmeinafræðings svo ekki komi til óþarfa bið, enda biðlistar eftir talþjálfun langir.

### Áætluð námskeið 2023-2024 á vegum skólans

- ✓ SamskiptaRæktin - Dögg Árnadóttir lýðheilsufræðingur fjallar um streitu og samskipti – ágúst 2023
- ✓ Námsmat-Leiðsagnarmat-Hvað er það? Auður Lilja Harðardóttir og Þóra Elísabet Kjeld. – ágúst 2023
- ✓ Netnámskeið - Barnastofa – ágúst - september 2023. Allir starfsmenn skólans þurfa að taka þetta netnámskeið og mun forvarnarteymi skólans fylgja því eftir.
- ✓ Skyndihjálparnámskeið: Ólafur Ingi Grettisson slökkviliðsmaður og bróðir Grettlu, nóvember 2023
- ✓ Hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki?: Ragnhildur Vigfúsdóttir markþjálfari
- ✓ Að græja gleðina og góða heilsu: Margrét Leifsdóttir heilsumarkþjálfari

### Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans: Skólastjóri/verkefnastjóri grunnskólahluta eru ábyrgir fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana. Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk eru ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar skólans. Tími til símenntunar:



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 94-150 stundir til símenntunar á ári og annað starfsfólk, a.m.k 16 stundir á ári.

Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum. Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Tilbúin símenntunaráætlun:

Símenntunaráætlun starfsmanns er geymd í möppu í tölvu skólastjóra og starfsmaður fær afrit af áætlun sinni. Símenntunaráætlun er birt í skólanámskrá.

Framhaldsnám: Framhaldsnám í fjarnámi er styrkt af skóla með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur að hámarki í 5 -10 daga. Þess í stað kynna fjarnámsnemendur verkefni sín á kennarafundum. Framhaldsnám telst ekki hluti af 150 tímunum nema það tengist beint símenntunaráætlun skólans. Skrá skal framhaldsnám sem hluta af einstaklingsáætlun starfsmanns. Starfsmenn sækja um námskeið til skólastjóra í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsráðað verður í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.